

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2004 þriðjudaginn 20. 04 kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 24. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson forfallaðist með litlum fyrirvara og var varamaður ekki boðaður í hans stað. Varaformaður Klængur Stefánsson setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Grím skjör ehf, Hafnargötu 13 Grímsey, sækir um leyfi til að byggja viðbyggingu við verslunarhús í Grímsey og nota til veitingarekstrar. Meðfylgjandi teikningar eru gerðar af H.S.Á. teiknistofu verk nr. 04-202.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um að umsagnaraðilar er málið varðar samþykki teikningarnar.

2. Grýtubakkahreppur sækir um leyfi fyrir byggingu á aðstöðuhúsi við sundlaug og íþróttahús við Grenivíkurskóla samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá AVH teiknistofu dags. 17.04.2004.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu á erindinu þar sem ekki liggja fyrir umsagnir allra aðila er málið varðar.

3. Jónas Baldursson, Grýtubakka I Grýtubakkahreppi, óskar eftir samþykki byggingarnefndar fyrir breytingum og viðbyggingum við íbúðarhúsið að Grýtubakka I samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu verk nr. 04-201.

Samþykkt.

4. Tekið fyrir erindi frá Guðbergi Eyjólfssyni, Hléskógum Grýtubakkahreppi, sem frestað var á fundi 22. jan. sl. um breytingar á hlöðu og fjósi í legubásafjós. Nýjar teikningar frá BÍ hafa borist og gerir eldvarnareftirlit athugasemd við að flóttaleiðir gripa séu ekki nógu ljósar samkvæmt teikningum.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um athugasemd eldvarnareftirlits.

5. Heiða Hauksdóttir, Snægili 17 Akureyri, sækir um leyfi byggingarnefndar fyrir byggingu á tvílyftu einbýlishúsi úr steinsteypu að Værðarhvammi, sem er lóð úr landi Veigastaða II, Svalbarðsstrandarhrepp. Meðfylgjandi teikningar eru frá Opus teikni&verkfræðistofu, verk nr. 031001.

Samþykkt.

6. Erindi frá Bergsteini Gíslasyni, um byggingu sumarhúss úr bjálkum á lóð nr. 14 á skipulögðu sumarhúsasvæði á jörðinni Leifsstöðum Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi teikningar nr. 03163 af húsinu eru frá Runólfi Þ. Sigurðssyni Leynisbraut 37 Akranesi.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Leifsstaðabrúnir ehf c/o Bergsteinn Gíslason, sækja um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús á lóð nr. 15 á skipulögðu sumarhúsasvæði á jörðinni Leifsstöðum Eyjafjarðarsveit samkvæmt meðfylgjandi teikningum nr. 04118 frá Runólfi Þ. Sigurðssyni.

Samþykkt.

8. Bylgja R. Aradóttir, Túngötu 19 Ólafsfirði, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við bjálkahús sem er á lóð nr. 10 á sumarhúsasvæðinu Leifsstöðum í Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi teikningar eru frá Opus teikni&verkfræðistofu verk nr. 040104.

Samþykkt.

9. Proskahjálpi, Kaupangi við Mýrarveg, óskar eftir leyfi byggingarnefndar til að setja niður heitan pott (setlaug) við húseignir sínar að Botni í Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi teikningar og afstöðumynd eru frá teiknistofunni Form.

Byggingarnefnd samþykkir erindið enda verði uppfylltar öryggisreglur sem gilda um setlaugar.

10. Erindi frá Gísla G. Sveinssyni, Móasíðu 4 d. Akureyri, um byggingu einbýlishúss og bílgeymslu á lóð nr. 16 við Skógarhlíð í Hörgárbyggð samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá H.S.Á. teiknistofu verk nr. 03-326.

Samþykkt.

11. Erindi frá Davíð Gíslasyni, Berghóli Hörgárbyggð, um samþykki byggingarnefndar fyrir að sameinaðar verði 2 íbúðir í fjölbýlishúsinu að Berghóli Hörgárbyggð. Byggingarnefnd samþykkti á fundi 3. júní 1997 fjórar íbúðir í húsinu og var gerð eignaskiptayfirlýsing í framhaldi af því. Meðfylgjandi teikningar sem sýna þær breytingar sem óskað er eftir eru frá Birni Jóhannssyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið en bendir á athugasemdir eldvarnareftirlits um að eigendum er skylt að uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar við viðhald og breytingar á húsinu hvað eldvarnir varðar.

12. Á 23. fundi 16. mars sl. var frestað erindi frá Kötlu ehf, Melbrún 2 Dalvíkurbyggð, um byggingu á tveimur einbýlishúsum á lóðum nr. 1 og 3 við Lónshlíð í Hörgárbyggð. Byggingarnefnd taldi æskilegt að innra skipulag húsanna yrði endurskoðað.

Bréf dags. 6. apríl sl. hefur borist frá hönnuði þar sem fram kemur að við markaðskönnun komu fram óskir um viðkomandi hús sem fullnægi kröfum fólks sem kysu ákveðið lífsmunstur. Einnig kemur fram í bréfinu að mjög auðvelt er að breyta innra skipulagi húsanna.

Með hliðsjón af rökstuðningi hönnuðar í fyrrnefndu bréfi samþykkir byggingarnefnd teikningarnar.

13. Erindi frá Jónasi Franklín, Austurbyggð 16 Akureyri, um leyfi fyrir breytingum á íbúðarhúsi og viðbyggingu að Hálsi í Öxnadal í aðstöðu fyrir veitingarekstur. Meðfylgjandi teikningar af breytingunum eru frá teiknistofunni Form, verk nr. 85.10.

Fyrir liggja athugasemdalausar umsagnir frá eldvarnareftirliti, heilbrigðiseftirliti og vinnueftirliti.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

14. Aðalheiður Eysteinsdóttir, Helgamagrastræti 48 Akureyri, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu og breytingum á félagsheimilinu Freyjulundi, í íbúð og vinnustofur samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Loga Má Einarsson dags. 12.04.04.

Byggingarnefnd tekur jákvætt í fyrirhugaðar breytingar, en frestar endanlegri afgreiðslu þar sem teikningar uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar.

15. Þorsteinn G. Þorsteinsson, Skarðshlíð 6 e Akureyri, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús á lóð nr. 6 í Eyjabbyggð Hrísey. Meðfylgjandi teikningar eru eftir Birgi Ágústsson dags. mars 2004.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00

Klængur Stefánsson

Kristján Kjartansson

Jónas Baldursson

Bragi Pálsson

Jósavin Gunnarsson